


Alcoa Fjarðaál
Geir Sigurpáll Hlökkversson,
framkvæmdastjóri
Hraun 1
730 Reyðarfjörður



Reykjavík, 4. júní 2014
Tilvísun: UST20140400292/he

Erindi um aukna losun flúorkolefna vegna utanaðkomandi rafmagnsleysis frá Alcoa Fjarðaál.

Vísað er til erindis Alcoa Fjarðaál frá 10. apríl 2014 varðandi aukna losun flúorkolefna (PFC) þann 8. febrúar sl. vegna utanaðkomandi rafmagnsleysis. Heildarlosun flúorkolefna þann daginn var 3,3 t PFC eq CO₂/t ál sem er töluvert yfir meðaltalslosun undir eðlilegum kringumstæðum. Í grein 2.5 í starfsleyfi Alcoa Fjarðaál er kveðið á um að ársmeðaltalslosun flúorkolefna skuli vera innan við 0,140 t PFC eq CO₂/t ál. Rekstraraðili óskar eftir að losun flúorkolefna sem rekja má beint til rafmagnsleysisins verði ekki tekin með í útreiknuðu meðaltali til samanburðar við losunarmörk starfsleyfis. Umhverfisstofnun hefur farið yfir erindið. Nú ber Alcoa Fjarðaál að skila árlega skýrslu yfir losun gróðurhúsalofttegunda skv. lögum, nr. 70/2012, um loftlagsmál. Þar er meðal annars tekið á losun flúorkolefna. Í 3. mgr. 9. gr tilskipunar 2008/1/EB er tekið fram að þar sem tekið er á losun gróðurhúsalofttegunda hjá starfsemi sem eru tilgreind er í viðauka I við tilskipun 2003/87/EC skuli losunarmörk ekki tilgreind í starfsleyfi tiltekinnar starfsemi nema að til að koma í veg fyrir staðbundna mengun vegna losunar flúorkolefna.

Að mati Umhverfisstofnunar eru áhrif losunar flúorkolefna fyrst og fremst hnattræn og því ekki ástæða til að taka á losun þeirra í starfsleyfi Alcoa Fjarðaál. Jafnframt er Alcoa Fjarðaál framvegis ekki skylt að greina frá losun flúorkolefna í ársfjórðungsskýrslu en skýrslugjöf vegna viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir (ETS) helst óbreytt.

Virðingarfyllt

Halla Einarsdóttir
Halla Einarsdóttir
Sérfræðingur

Sigrún Agústsdóttir
Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri